

Skógrækt ríkisins

Iceland Forest Service

Símar: 3422 og 82330

REYKJAVÍK,
GRETTISGÖTU 8

Skýrsla skógarvarðarins í Norður Þingeyjarsýslu 1956.

=====

Tíðarfar var snjóþungt í janúar og allir vegir ófærir bifreiðum, en hlánaði í lok mánaðarins. 1. febrúar gerði ofsarok af suðaustri og urðu þá allmiklar skemmdir á trjágróðri í Ásbyrgi, þannig að tré þverbrotnuðu og það allt upp í 85 cm að ummáli. Í febrúar og mars var annars afbragðstíðarfar og komið að því að víður springi út, en þá gerði kulda og hríðar í hálfan mánuð. Síðan var vorið kalt og þurrt og sumarið óvenjukalt. Spretta var því fyrir neðan meðallag og einnig á trjágróðri. Lerkið og furan tóku þó sæmilegum framförum en mikill kyrkingur var í sitkagreninu svo og í gamla birkiskóginum en lágviðið var allgott.

Gróðursetning í Ásbyrgi fór fram á tímabilinu 19. maí til 2. júní. Gróðursett var: 1.500 skógarfura og 250 blágreni frá Vöglum. En frá Hallormsstað 1.200 lerki (700 Hakask. og 500 Raiv.) 250 blágreni (Colo.) 500 hvítgreni (Moose P.) og 500 sitkagreni (Seward).

Um gestatímamann í Ásbyrgi vann ég við hirðingu skógarins en síðan við grisjun. Ekki var að öllu leyti farið eftir áætlun, sem gerð var um framkvæmdir í Ásbyrgi á árinu, en ekki var það mín sök.

Ásbyrgi 30. des. 1956

Erlingur Jóhannsson.

(sign)